

Skýrsla

Skýrsla

**Uppstillingarnefndar
2017**



Uppstillinganefnd, skipuð 5 félagsmönnum og 2 varamönnum, skal kosin á fulltrúapingi til 3 ára. Kjörtímabilið skal fylgja kjörtíma formanns SLFÍ.

Uppstillinganefnd gerir tillögur um menn í stjórn, nefndir, ráð og önnur störf eða embætti sem fulltrúaping kýs. Uppstillinganefnd skal afla staðfestingar viðkomandi einstaklings á því að hann gefi kost á sér til starfsins.

Nefndina hafa skipað, á liðnu starfsári:

Jóhanna Traustadóttir, (RVKD) formaður,
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir (DSNE)
Jakobína Rut Daníelsdóttir (RVKD)
Þórhildur Una Stefánsdóttir (RVKD)
Soffía Líndal (DSNE)

Varamenn:

Stella Levy (VLD)
Kristbjörg Gunný Jónsdóttir (RVKD)

Vinnan í ár var með hefðbundnu sniði eins og undanfarin ár. Jóhanna Traustadóttir formaður uppstillingarnefndar sendi út auglýsingu í byrjun mars þar sem auglýst var eftir framboðum til stjórnar og nefndarstarfa. Að loknum framboðstíma var sent út bréf til nefndarmann þar sem nöfn þeirra 2 sjúkraliða sem gáfu kost á sér komu fram ásamt þeim nefndum sem hver og einn var beðin um að vinna með.

Samskipti nefndarmanna fóru að mestu fram í tölvupóstum og síma, sem er hentugt þegar til þess er litið að nefndarmenn koma frá þremur svæðisdeildum. Þetta fyrirkomulag hefur að mestu leyti reynst mjög vel. Einn nefndarmaður uppstillingarnefndar varð því miður að hætta vegna persónulegra aðstæðna.

Haft var samband við alla þá nefndarmenn sem eru að klára sitt kjörtímabil og athugað hvort þeir gæfu kost á sér áfram til nefndarstarfa. Þó nokkuð var um að nefndarmenn gæfu kost á sér áfram til nefndar – og/eða stjórnarstarfa fyrir Sjúkraliðafélag Íslands sem er mjög gott þegar vel er unnið í nefndunum. Tvö framboð dugðu þó ekki til fylla í skörðin því nokkuð fleiri gáfu ekki kost á sér áfram. Hver og einn nefndarmaður hóf þá vinnu við að fylla í skörðin á þeim nefndum sem þeir báru ábyrgð á með því að leita að fólki sem hugsanlega væri tilbúið í nefndar – og/eða

stjórnarstörf sem svo gekk mjög vel. Áfram var reynt að ná sérstaklega til ungra sjúkraliða og fá þá í nefndarstörf en það gengur því miður erfiðlega.

Tekinn var saman fjöldi nefndarsæta og nefndarmanna í síðustu uppstillingu og hvernig þau skiptust á milli landshlutadeilda og einnig má sjá fjöldi sjúkraliða í hverri landshlutadeild.

Hlutföll landshlutadeilda SLFÍ í starfsnefndum fyrir starfsár 2016 – 2017
 ásamt fjölda sjúkraliða í hverri landshlutadeild miðað við áramót 2016 - 2017

49

DEILD og fjöldi sjúkraliða	Starfsnefndarsæti	Félagsstjórn	Framkvæmdastjórn	= Sæti	Nefndarmenn
Reykjavíkurseild (RVKD) 1198	39	5	5	49	32 (2,67%)
Vesturlandsdeild (VLD) 137	1	1		2	2 (1,47%)
Vestfjarðardeild (VFD) 34	1	1		2	2 (5,88%)
Norðurlandsdeild vestri (NLDV) 50	2	1		3	1 (2%)
Norðurlandsdeild eystra (DSNE) 218	9	1		10	5 (2,3%)
Austurlandsdeild (AULD) 79		1		1	1 (1,26%)
Suðurlandsdeild (SLD) 129	4	2	1	7	5 (3,87%)
Vestmanneyjaseild (VED) 40		1		1	1 (2,5%)
Suðurnesjaseild (SND) 116	1	1		2	2 (1,7%)

Tillaga Uppstillinganefndar í framkvæmdastjórn og starfsnefndir Sjúkraliðafélags Íslands liggur fyrir og verður borin upp til samþykktar á þingi SLFÍ. Uppstillinganefndin óskar öllum í nefndarmönnum heilla á komandi starfsári og þakkar þeim sem eru að hætta fyrir vel unnin störf.

Fyrir hönd Uppstillinganefndar
Jóhanna Traustadóttir formaður